Qualified Electronic Signature
DANÍEL ARNAR MAGNÚSSON
2023-04-12 10:51:42 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
SIGRÍÐUR RÓS EINARSDÓTTIR
2023-04-12 11:19:01 GMT
GoPro

UMHVERFIS STOFNUN

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

11. apríl 2023
UST202303-259/D.A.M.
05.00

Efni: Umsögn um vegvísi að vistvænni samgöngum

Vísað er til bréfs dags. 21. mars 2023 þar sem innviðaráðuneytið sendi Umhverfisstofnun áform um gerð vegvísis að vistvænum samgöngum til ársins 2023 til umsagnar. Stofnunin fagnar áformum ráðuneytisins um vegvísi að vistvænni samgöngum til að stuðla að frekari aðgerðum í samdrætti í losun frá samgöngum. Hvað sem því líður telur Umhverfisstofnun það skjóta skökku við að ekki sé gert ráð fyrir fulltrúum stofnunarinnar í fyrirliggjandi stýrihóp. Aftur á móti er því fagnað að stofnunin sé skilgreind sem hagaðili.

Í lýsingu verkefnisins kemur meðal annars fram að taka eigi saman upplýsingar um losun frá samgöngum og vinna að frekari aðgerðum í samdrætti í losun frá samgöngum. Samkvæmt 1. mgr. 6 gr. laga um loftslagmál nr. 70/2012 ber Umhverfisstofnun ábyrgð á að halda utan um losunarbókhald Íslands yfir losun gróðurhúsalofttegunda, bæði varðandi sögulega og framreiknaða losun. Að því sögðu telur Umhverfisstofnun að fulltrúi stofnunarinnar færi stýrihópnum verðmæta þekkingu í þeim málaflokki og geti jafnframt tryggt að útreikningar á losun gróðurhúsalofttegunda séu í samræmi við gildandi reglur um mat á losun og lögbundna skýrslugjöf þess efnis. Þess má geta að Umhverfisstofnun á fulltrúa í verkefninu „loftslagsvegvísir atvinnulífsins“, þ.á.m. í þeim hluta verkefnisins sem snýr að losun frá samgöngum og telur stofnunin eðlilegt að tekið sé mið af þeirri vinnu í verkefni þessu.

Virðingarfyllst,

Sigríður Rós Einarsdóttir
Sérfræðingur

Daníel Arnar Magnússon
Lögfræðingur